

Fundargerð 132. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 2. apríl 2024 kl. 13:00-14:30.

Haldin í fjarfundi.

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Helga Kristín Kolbeins., Hulda Birna Baldursdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Karl Rúnar Þórsson.

Boðuð fjarvera: Heiðrún Björk Gísladóttir, Finnogi Sveinbjörnsson,

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir og Björn Garðarsson.

DAGSKRÁ

1. Fundargerð 131. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin hefur verið samþykkt og send fundarmönnum til rafrænnar undirritunar.

2. Kjarasamningar 2024 –

Afgreiðsla: Frestað

3. Nýsköpunar- og úthlutunarstyrkir 2024.

Á síðasta fundi stjórnar var samþykkt að fela formanni og starfsmönnum FA að móta tillögur orðun forgangssviða byggðar á fjórum hugmyndum stjórnar. Milli funda voru stjórn kynntar þrjár tillögur, en efasemdir voru innan stjórnar um hvort fjórði liðurinn gæti staðið út frá forsendum í samningum Fræðslusjóðs við styrkþega og eins út frá höfundarétti.

Afgreiðsla: Tillögur a - c voru samþykktar.

- Próa og skrifa námskrá sem miðar að þjálfun og inngildingu fjölbreyttra hópa þátttakenda. Í námskrá er gerð ítarleg grein fyrir framkvæmd og mati á námi.
- Próa nýjar leiðir til að nálgast fólk á aldrinum 20 - 35 ára, í samstarfi fræðsluaðila, framhaldsskóla og atvinnulífs, svo sem með starfsnámi og/eða raunfærnimati eftir því sem við á.
- Svæðisbundin fræðsla og/eða þjálfun til að auka skilning á sjálfbærni sem leiðir til grænna og réttláttra umskipta, í samstarfi við atvinnulífið.

Samþykkt að leita eftir áliti lögfræðings um tillögu d. *Útfæra, próa og aðlaga fyrri nýsköpunarverkefni sjóðsins að nýjum aðstæðum og þekkingu.* Stefnt að því að niðurstaða liggi fyrir í næstu viku og auglýsing geti birst eigi síðar en 13. apríl. Auglýsingaborðar verið keyptir á mbl.is, visir.is auk þess sem leitað verði til fyrirtækja og stofnanna stjórnarmanna, félags- og vinnumarkaðráðuneytis og mennta- og barnamálaráðuneytis um birtingu auglýsingar og vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

4. Önnur mál

- Stefnt að framlagningu ársreiknings á næsta fundi.